



LEB

Landssamband eldri borgara

369. – Stjórnarfundur LEB 25. mars 2023

Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson og Jónas Sigurðsson.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB (í leyfi) sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 18.03.2023

Samþykkt

2. Lagabreytingar

a) Tillögur laganevndar ræddar.

Samþykkt að leggja þær fyrir landsfund LEB 9. maí nk. Drífu og Hallgrími í laganevnd falið að skrifa skýringar með tillögnum.

b) Stjórn samþykkir að leggja til "a landsfundinum 100 kr. hækkun á félagsgjaldi pr. félgsman.

3. Uppstillingarnefnd

Samþykkt að fela formanni að skipa nefndina úr tillögum stjórnarmanna.

4. Dagskrá landsfundar LEB

Samþykkt að tvær nefndir verði starfræktar á landsfundi. Önnur um kjaramál undir stjórn Þorbjarnar Guðmundssonar. Hin um lagabreytingar undir stjórn Drífu Sigfúsdóttur.

5. Önnur mál

a) Ráðstefna samhliða landsfundi LEB 2024

Ingibjörg leggur til að samhliða næsta landsfundi LEB 2024 verði samhliða vegleg ráðstefna um ýmis málefni eldra fólks og verði sú ráðstefna öllum opin.

b) Kjaramálaráðstefna í haust

Þorbjörn leggur til að ráðstefna verði haldin í haust um kjaramál eldra fólks.

c) Afsláttarbók og Afsláttarappið SPARA

Afsláttarbókin er komin út. Jafnframt endurnýjað app sem nú nefnist SPARA. FEB í Reykjavík hefur gert félagsskírteini sín rafræn í gegnum það app.



LEB

Landssamband eldri borgara

d) Rafræn félagsskírteini

Félag eldri borgara í Hafnarfirði hefur gert sín félagsskírteini rafræn og fólk hefur þau í símanum sínum.

e) Erlend þýðing á heimasíðu FEBH

Í fyrra styrkti LEB félagið í Hafnarfirði til að setja inn efni á erlendum málum á heimasíðu sína. FEBH hefur nú sett inn upplýsingaefni á heimasíðu sína bæði á pólsku og ensku. Styrkurinn til FEBH var jafnframt hugsaður til þess að fleiri félög gætu byggt á því efni og aðlagað að sinni starfsemi til að setja á sínar heimasíður.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.20

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum LEB 29.04.2023

Helgi Pétursson formaður LEB